



Margs konar náttúrulegar tengingar

- Í myndverkum sínum vinnur Carl Boutard út frá margs konar undraverðri hönnun í náttúrunni
- Í Ásmundarsafni má sjá stór verk eftir hann sem vísa til dæmis til grenigreina og laufblaða

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

„Það er mikill heiður að vera boðið að setja upp og sýna verkin mín hér með verkum Ásmundar. Ég hef alltaf dáðst að verkunum hans en líka lífi hans og til að mynda hvernig hann byggði sér sjálfur stúdíó og vann að því að skapa sér tækifæri í listinni,“ sagði Carl Boutard fyrr í vikunni þar sem hann var í samstarfi við sýningarstjórnann Markús Þór Andrésson að leggja lokahöndina á samstillingu verka þeirra Ásmundar Sveinssonar í Ásmundarsafni.

„Gróður jarðar“ er heiti sýningarinnar með verkum skúlptúristanna, Carls (f. 1975) og Ásmundar (1893-1982) sem var opnuð á fimmtudaginn var. Undirliggjandi þema er skoðun á náttúrunni en í henni er að finna ótal dæmi um undraverða hönnun, þar sem form ráðast af samspieli reglu, endurteknunga og frávíka. Carl beinir í verkum sínum sjónum að þessum þáttum en list hans hefur þróast út frá ástríðu fyrir umhverfinu, bæði manngerðu og náttúrulegu.

Carl fæddist í Kiruna í Svíþjóð og stundaði nám við listaháskólana í Malmö og Reykjavík en hann starfar sem lektor við myndlistardeild þess síðarnefnda. Auk þess hefur hann lært arkitektúr í Stokkhólmi. Verk Carls hafa verið sýnd víða um lönd og að auki má finna skúlptúra eftir hann í almannarými í sænskum borgum og í Þýskalandi.

Gamaldags myndlistarmaður

Carl lýsir sér sem „hefðbundnum myndhöggvara“ með tilvisun í áherslu sína á efni og form og þá virkni verkanna að þau taka breytingum eftir því frá hvaða sjónarhorni horft er á þau. Verkin kunna að virðast óhlutbundin en þau eru



Morgunblaðið/Einar Falur

Náttúruverk Carl Boutard hugar að staðsetningu verka sinna í Ásmundarsafni. Keramikverkið fremst er unnið út frá lítilli grein af jólatré, gifskúlptúrin stóri eftir laufblaði sem hann fann. Náttúrutengingin er Carli mikilvæg.

iðulega dregin af náttúrulegum formum sem finna má agnarsmá í jurtaföllum eða gróðurstöðum í himingeiminum. Hann segir að þegar honum var boðið að sýna verk sín í samtali við verk Ásmundar þá hafi hann strax í vissum verkum sínum séð tengingar við sköpun Ásmundar.

Hann tekur sem dæmi skúlptúr sem hann kallar „Hearing“ og er eitt verkanna sem sitja á eins konar hillu við enda skeifulaga byggingarinnar. „Það er bæði nútímalegt og mjög gamalt í anda. Það minnir mig á verk Ásmundar „Í gegnum hljóðmúrinn,“ segir hann. „Þetta verk, og fleiri hér, gerði ég úr notuðum köss-

um undan bönunum og þau tengjast því endurvinnslu. Það sem við setjum upp í okkur til að lifa af kemur ekki alltaf úr nærumhverfnum heldur er oft flutt langar leiðir. Ég byrjaði að vinna með pappír með þessum hætti þegar ég starfaði í New York fyrir fimm árum en þá safnaði ég kössum á gangstéttum þar sem þeim hafði verið hent út. Þeir urðu að hráefni í verkin.“

– Og afrakstur endurvinnslunnar er í raun klassískir skúlptúrar.

„Já. Markús segir að ég sé í raun gamaldags myndlistarmaður, og það er satt,“ segir Carl og brosir. „Á margan hátt er ég hefðbundinn

myndhöggvari sem velti fyrir mér rýminu, efnisvali, ljósi og skuggum.“

Fullkomnir náttúruskúlptúrar

Carl segir þá Ásmund eiga sam-eiginlegt að vinna í mörg mismunandi efni í sínum verkum. Á fyrrenefndri hillu í enda salarins eru aðallega verk úr pappír en á gólfi salarins stór verk, eitt úr gifsi, eitt gert í keramik, eitt í pappír og loks eitt hátt frauðplastverk.

–Var það markviss ákvörðun að gera stór verk í ólíkan efni?

„Nei, ég get aldrei tekið slíkar ákvarðanir og fylgt þeim eftir,“ svarar Carl og brosir. „En ég byrj-

aði á stóra frauðplastverkinu. Fyrst ætlaði ég að húða það með gifsi en það endaði svona. Ég notaði þríviðdarskanna við undirbúninginn en það byggir á litlum 78 mm bít af grenigreini sem ég fann í Öskjuhlíðinni og stækkaði upp. Það eru margs konar náttúrulegar tengingar í gangi í þessum verkum en náttúran notar svo fallegar endurteknningar. Sjáðu hér í þessu pappaverki,“ segir hann og gengur að næsta verki í salnum: „Hér leggst hver einingin að annarri, þær eru eins en samt ekki. Í náttúrunni er sífelld endurteknung á einhverri reglu í gangi.“

Það er fallegt að heyra Carl tala um náttúruheiminn en tilvísunin í náttúruna í verkunum er honum mjög mikilvæg. Stórt gifsverk á sýningunni byggir til að mynda á laufblaði sem hann fann.

„Svona laufblöð stígum við daglega á en í þessu sérstaka laufblaði var frækorn fyrir mig til að gera þetta stóra verk. Ef ég gef mér tímann sem þarf til þess og þori að sjá í því möguleikana þá getur eitthvað spennandi gerst,“ segir hann.

„Það er oft svo spennandi að horfa á þessa litlu hluti og fyrirbæri í náttúrunni. Þótt þeir séu órlitlir þá eru þeir fullkomnir skúlptúrar. Eitt af því sem mig langaði að segja með þessari sýningu er að það er svo margt í okkar daglega umhverfi sem við getum verið þakklát fyrir. Við þurfum bara að taka eftir því.“

Keramikverkið í fimm stórum hlutum sem stendur á miðju gólfi segir Carl byggja á um 10 cm langri grein af jólatré sem hafi beðið í ein 12 ár á vinnustofunni eftir hlutverki.

„Við ræktum jólatré í svona tíu ár til að hafa þau inni hjá okkur í tvær vikur og hendum þeim svo út. En sjáðu hvað yfirborðið á þessari litlu grein er ótrúlega fallegt. Ég vona að mér hafi tekist að koma því til skila.“